Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

haldinn í Hvolnum Hvolsvelli
30. október 2026

Nóvember 2026

1. Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Björn Inga Jónsson frá Rangárþingi eystra sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Fundarstjóri tekur við stjórn fundarins.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Fundarstjóri tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu kjörnefndar að kjörbréfanefnd.

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur
Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Rangárþing eystra
Einar Freyr Elínarson	Mýrdalshreppur

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d. Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar. Eftirlitssvæði HSL nær frá Vífilfelli í vestri að Skeiðarársandi í austri með fjórtán sveitarfélögum en einnig er eftirlitsskyld starfsemi á hálendinu. Starfsmenn eru staðkunnugir og er það mikill kostur þegar svona stórt svæði er undir. Kynnir hún stjórn sína en mikil samstaða er í nefndinni. Nefndin hefur m.a. farið í skoðunarferðir á staði í umdæminu sem hún er að gefa umsagnir um. Nefndin fékk það erfiða verkefni að segja upp níu starfsmönnum. Starfsmenn HSL voru ellefu talsins sl. sumar, þar af einn sumarstarfsmaður, en af þeim eru átta sem starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Guðrún þakkar þeim fyrir góð störf. Einnig þakkar hún Sigrúnu Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra fyrir góð störf. Stjórn hélt tíu stjórnarfundi árið 2025 og það sem af er ári eru fundirnir orðnir átta. Sveitarfélögin hafa fengið fundargerðirnar sendar til kynningar. Einnig hafa verið haldnir fundir vegna breytinga á fyrirkomulagi eftirlitsins.

Breyting á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits var fyrst kynnt árið 2023. Ekki hefur verið haft samráð við sveitarfélögin, þó hefur verið kynningarfundur um áformin. Í febrúar sl. var fundur í

umhverfis- og orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem kom fram að stofna ætti starfshóp varðandi verkefnið. Ekkert hefur heyrst frá þessum starfshópi.

Það hafa ekki fengist neinar upplýsingar um hvar kostnaðurinn lendir á neinum fundi en haldinn var fundur 27. júlí sl. þá var talað um samráðsleysi í þessu verkefni.

Haldinn var fundur 2. október sl. þar sem m.a. var rætt um fjármögnun á breytingunum en engin skýr svör hafa fengist við því hvernig henni verði háttað. Á öllum fundum heilbrigðiseftirlitsnefndar hefur verið bókað eitthvað um breytingarnar eins hefur nefndin óskað eftir áliti sveitarfélaganna. Það komu svör frá fjórum sveitarfélögum. Guðrún spyr að lokum: Hafa sveitarfélögin komið saman til að ræða fjármál og framtíðarskipulag málaflokksins?

Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri tekur til máls.

Fer hún yfir starfsemi HSL og helstu verkefni ársins 2025 og það sem af er árinu 2026. Á árinu 2025 voru 1.811 eftirlitsskyldir aðilar á svæðinu, 312 ný starfsleyfismál og 264 skipulagsumsagnir. Fram kemur að verkefni eftirlitsins eru áfram umfangsmikil og mörg þeirra kalla á áframhaldandi og markvissa eftirfylgni, m.a. vegna fráveitumála, neysluvatns, matvælaöryggis, mengunarvarna og umgengni á lóðum og opnum svæðum. Einhver þessara verkefna flytjast yfir til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar 1. janúar 2027. Gert er ráð fyrir að ráða samtals 60 heilbrigðisfulltrúa til þessara tveggja stofnana og þar af einungis tuttugu heilbrigðisfulltrúa í matvælaeftirlit fyrir allt landið. Það eru mörg verkefni sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar eigi að afgreiða og ekki er vitað hvaða verkefni koma inn á borð hjá sveitarfélögunum. Í mörgum tilfellum verður það þannig að senda þarf aðila frá tveimur stofnunum í eftirlit sem áður voru á borði eins fulltrúa frá heilbrigðiseftirlitinu, sem dæmi skólar og leikskólar, hótel og veitingastaðir.

Sigrún gerir grein fyrir stöðu HSL í kjölfar lagabreytinga um tilfærslu meginverkefna heilbrigðiseftirlitsins til ríkisins frá 1. janúar 2027. HSL sinnir lögbundnum verkefnum til 31. desember 2026 samhliða undirbúningi yfirfærslu verkefna, gagna og opinna mála og framkvæmd slita byggðasamlagsins. Öllu starfsfólki HSL var sagt upp í lok september. Meginmarkmiðið fram að áramótum er að tryggja að ekki myndist eftirlitsgat eða þjónusturof við kerfisbreytinguna.

Fram að áramótum verður lögð áhersla á skjóta afgreiðslu nýrra umsókna, vernd viðkvæmra hópa og brýna eftirfylgni vegna m.a. matarsýkinga, neysluvatns og alvarlegra frávika. Áhersla verður lögð á að ljúka þeim málum sem unnt er og tryggja rekjanlega afhendingu annarra mála og gagna.

Jafnframt er sérstaklega bent á áframhaldandi ábyrgð sveitarfélaganna á fráveituinnviðum, meðhöndlun seyru og verkefnum vegna lóða og opinna svæða. Fyrir árslok þarf að liggja skýrt fyrir hvert íbúar beina ábendingum og hvernig framkvæmd þessara verkefna verður háttað.

Sigrún ræðir um heimasíðu HSL. Hvað á hún að lifa lengi eða á að leggja hana niður um áramótin? Í dag fara allar umsóknir beint af heimasíðunni og inn í málakerfið hjá heilbrigðiseftirlitinu. Á heimasíðunni eru allar fundargerðir heilbrigðisnefndar birtar fljótlega eftir hvern fund, jafnframt eru þar ársreikningar og ársskýrslur langt aftur í tímann.

Að lokum fer hún yfir slitaáætlun HSL og þau atriði sem þarf að taka ákvörðun um, m.a. fyrirsvar eftir áramót, framkvæmd slita, afhendingu opinna mála og gagna, rekstur upplýsingakerfa og afgreiðslu ársreiknings og lokauppgjörs.

Hún vonar að það verði ekki þjónusturof við yfirfærsluna, því þegar HSL lýkur störfum þá hverfa verkefnin ekki.

Fundarstjóri gefur orði laust um skýrslu stjórnar til máls taka Bragi Bjarnason og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

Fundarstjóri ber skýrslu stjórnar undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

f. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Fjóla Kristinsdóttir formaður kjörnefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins.

Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 60 talsins og 38 til vara. Alls eru 42 aðalfulltrúar mættir og 2 varafulltrúar, 16 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

e. Tillögur heilbrigðisnefndar

Guðrún S. Magnúsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu heilbrigðisnefndar:

Tillaga Heilbrigðisnefndar Suðurlands flutt á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 30. október 2026

Efni: Tillaga um ráðningu endurskoðenda:

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 30. október 2026 um ráðningu Pricewaterhouse Coopers (PWC) á Selfossi um endurskoðun reikninga.

Tillaga að endurskoðenda er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

g. Ársreikningur 2025

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2025.

Rekstrartekjur námu samtals 219,2 m.kr., þar af voru eftirlitsgjöld og leyfisgjöld 158,8 m.kr. og framlög aðildarsveitarfélaga 55,3 m.kr. Rekstrarhagnaður ársins nam 4,6 m.kr. og hagnaður ársins, að teknu tilliti til fjármagnsliða, 6,0 m.kr.

Efnahagsreikningur í árslok 2025 nam 48,1 m.kr. og voru þar af fastafjármunir 20,9 m.kr. og veltufjármunir 27,2 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust enginn tekur til máls.

Ársreikningur er borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

h. Tillaga að fjárhagsáætlun 2026

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2027.

Framlögð fjárhagsáætlun tekur mið af því að reglubundinni starfsemi HSL ljúki um áramót og að árið 2027 fari fyrst og fremst í frágang og slit byggðasamlagsins. Áætlaðar rekstrartekjur ársins eru um 58,8 m.kr., þar af 44 m.kr. framlög sveitarfélaga og 14 m.kr. vegna sölu bifreiða.

Áréttað er að framlögð fjárhagsáætlun 2027 er byggð á þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir og verður að öllum líkindum að teljast vanmat á endanlegum kostnaði við slit HSL. Enn ríkir óvissa um ýmsa kostnaðarliði sem geta fallið til eftir áramót, m.a. vegna frágangs samninga og húsnæðis, upplýsingakerfa og skjalavörslu, bókhalds og ársreiknings, innheimtu, mögulegra skuldbindinga og annarrar vinnu sem nauðsynleg verður þar til formlegum slitum byggðasamlagsins er lokið. Fjárhagsáætlunin kann því að þurfa endurskoðun þegar betur liggur fyrir hvert raunverulegt umfang og kostnaður slitanna verður. Sigrún segir að það hafi ekki verið einfalt verkefni að setja fram fjárhagsáætlun fyrir verkefni sem verið er að leggja niður en þetta hafi verið gert í samráði við endurskoðendur.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Jón Bjarnason, Sigrún Guðmundsdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

Fjárhagsáætlun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

i. Tillaga að gjaldskrá 2027

Engin tillaga að gjaldskrá þar sem reglulegri starfsemi verður hætt um áramót

j. Kosning í stjórn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Kjörnefnd, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir formaður tekur til máls

Gert er hlé á fundi kl. 11:23.

Fundi framhaldið kl. 11:25.

Anton Kári Halldórsson tekur til máls og leggur til að sama stjórn verði áfram fram að slitum Heilbrigðiseftirlits.

Fjóla St. Kristinsdóttir formaður kjörnefndar tekur til máls og leggur til að sama stjórn haldi áfram störfum fram að áramótum.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Einar Freyr Elínarson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Andrés Bertelson og Bragi Bjarnason.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að stjórn fram til 31. desember 2027 verði skipuð eftirfarandi aðilum.

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð - Formaður
Páll Tómasson, Mýrdalshreppi - Varaformaður
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Kjartan Þ Ólafsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Örn Friðriksson, Vestmannaeyjabæ
Oddur Árnason, fulltrúi atvinnurekenda

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur Bragi Bjarnason og leggur fram eftirfarandi tillögu fundarins:

Tillaga um slit á byggðasamlaginu Heilbrigðiseftirlit Suðurlands lögð fram á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 30. október 2026

Aðalfundur samþykkir að hefja slit á byggðasamlagi Heilbrigðieftirlits Suðurlands bs. og felur heilbrigðisnefnd með vísan í 95.gr. sveitarstjórnarlaga að hefja lögbundið ferli, þar með að skipa slitastjórn. Jafnframt er lagt til að stjórn SASS komi að verkefninu fyrir hönd sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Til máls taka Guðmundur Finnbogason, Árni Eiríksson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir og Ásta Stefánsdóttir.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur Bragi Bjarnason og leggur fram eftirfarandi ályktun:

Ályktun fyrir aðalfund Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 30.október 2026

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands lýsir yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð ríkisins vegna breytinga á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits á Íslandi. Það er óboðlegt að sveitarfélögunum, sem ábyrgðaraðilar eftirlitsins og starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins sé haldið í óvissu um hvernig endanlegt fyrirkomulag verkefna verði frá og með 1. janúar 2027.

Ríkisvaldið hefur tekið ákvörðun um að yfirtaka öll tekjuberandi verkefni heilbrigðiseftirlitsins en önnur eru ennþá í óvissu. Eðlilegast er að öll verkefni eftirlitsins færu yfir til ríkisins.

Sveitarfélögin krefjast þess að fjármagn til að mæta kostnaði við yfirfærslu og vegna fjárhagslegra skuldbindinga sem liggja eftir inn í heilbrigðiseftirlitinu komi frá ríkinu eða að umrædd útgjöld flytjist yfir til ríkisins. Skorar fundurinn á fjármálaráðherra, innviðaráðherra, atvinnuvegaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem fara með umrædd verkefni, að leggja fram skýr svör til sveitarfélaganna um endanlegt fyrirkomulag verkefna og fjármögnunar frá og með 1. janúar 2027.

Fundarstjóri gefur orðið laust um ályktunina enginn tekur til máls.

Ályktunin er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k. Önnur mál og almennar umræður.

Engin.

3. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður þakkar fyrir góðan fund og þakkar fyrir traustið sem henni hefur verið veitt og óskar fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarstjóri slítur fundi kl: 11:53

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.